dagur: Fyrirbænamessa kl. 18.20. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Fimmtudagur: Biblíulestur kl. 20.00. Sr. Frank M. Halldórsson. Laugardagur: Samverustund aldraðra kl. 15.00. Frú Áslaug Friðriksdóttir skólastjóri segir frá för sinni til Kína í máli og myndum. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson.
SELJASÓKN: Barnaguðsþjónusta í Ölduselsskólanum kl. 10.30. Barnaguðsþjónusta í íþróttahúsi Seljaskólans kl. 10.30. Guðsþjónusta í Ölduselsskóla kl. 14.00. Mánudagur 12. nóv.: Vinnukvöld kvenfélagsins í Tindaseli 3. Þriðjudagur 13. nóv.: Fundur í æskulýðsfélaginu Sela í Tindaseli 3 kl. 20.00. Gestur fundarins verður sr. Ólafur Jóhannsson skólaprestur. Fimmtud. 15. nóv.: Fyrirbænasamvera í Tindaseli 3 kl. 20.30. Sóknarprestur.
SELTJARNARNESSÓKN: Barnasamkoma í sal Tónskólans kl. 11.00. Sóknarnefndin.
FRÍKIRKJAN Í HAFNARFIRÐI: Barnasamkoma kl. 10.30. Sr. Einar Eyjólfsson.

Héraðsfundur Reykjavíkurprófastsdæmis verður sunnudaginn 11. nóv. í Áskirkju og hefst kl. 16.00.

Sýningar



Sýning á Kjarvalsstöðum

Á laugardaginn er Steinunn Marteinsdóttir með sýningu á leirlistmunum í austursal og stendur sýningin yfir til 18. nóvember.

Sýning í Eden

Sigurbjörn Eldon Logason sýnir 30 litlar vatnslitamyndir í Eden, Hveragerði. Sýningin er opin daglega kl. 8.00—19.00, einnig um helgar.

Alþýðubankinn á Akureyri: Verk Guðmundar Ármanns kynnt

Í Alþýðubankanum á Akureyri er nú verið að kynna verk Guðmundar Ármanns Sigurjónssonar listmálara. Guðmundur hefur haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í mörgum samsýningum hérlendis sem erlendis. Sýningin er á vegum bankans og Menningarsamtaka Norðlendinga.

JBH/Akureyri.

Gallerí Langbrók

Nú stendur yfir sýning Borghildar Óskarsdóttur í Galleríi Langbrók á keramikverkum hennar. Borghildur stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og við Edinborough College of Art. Hún hélt einkasýningu í Ásmundarsal árið 1983 og hefur tekið þátt í fjölda einkasýninga. Sýningin er opin virka daga frá kl. 12.00—18.00 og frá kl. 14.00—18.00 um helgar.

Sýning Ómars Skúlasonar í Listmunahúsinu í Lækjargötu 2

Á sýningunni eru um það bil 50 verk, klippimyndir sem unnar eru með blandaðri tækni. Nokkrar myndirnar eru frá 1976 en flestar eru nýjar. Sýningin stendur til 18. nóvember og er opin virka daga frá 10.00 til 18.00, laugardaga og sunnudaga frá 14.00 til 18.00. Sýningin er lokuð á mánudögum.

Gallerí Borg


Nýlega opnaði Þorbjörg Höskuldsdóttir málverkasýningu í Gallerí Borg við Austurvöll. Þetta er fjórða einkasýning Þorbjargar sem að þessu sinni sýnir olíumálverk og teikningar. Sýningin er opin virka daga kl. 12—18 og um helgar 10—18. Sýningin stendur til 13.nóvember. Á efri palli sýnir Anna K. Jóhannesdóttir vasa, skálar og eyrnaskart úr steinleir.



PÓNIK OG EINAR
OG DANSBAND ÖNNU
VILHJÁLMS.
FÖSTUDAGS- OG
LAUGARDAGSKVÖLD.
KVÖLDVERÐUR KL.
8—10.
HÚSIÐ OPIÐ TIL KL. 3.

Sýning í Hafnarborg

Menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Jónas Guðvarðsson sýnir málverk og tréskúlptúr í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Þetta er sjöunda einkasýning Jónasar en hann hefur einnig tekið þátt í samsýningum innanlands og erlendis. Sýningin er opin alla daga frá kl. 14.00—19.00 til 11. nóvember. Aðgangur er ókeypis.



Í Listasafni Íslands

stendur nú yfir sýning á 30 nýjum glermyndum eftir Leif Breiðfjörð sem hann hefur gert fyrir Listasafnið í tilefni af 100 ára afmæli þess, og tileinkar föður sínum Agnari G. Breiðfjörð blikksmíðameistara. Á sýningunni í Listasafninu gefst gott tækifæri til að sjá hina fjölbreyttu möguleika glersins. Í verkum sínum hefur Leifur notað handblásið antikgler, bæði gegnsætt og ógegnsætt. Grafísk áferð glers hefur ávallt heillað Leif og má sjá þess stað í þessum verkum, en í þau hefur hann t.d. notað bólótt, hamrað eða æðótt gler og prisma til að ná fram þeim áhrifum sem hann hefur leitað eftir hverju sinni. Nokkur verkanna eru auk þess máluð og innbrennd. Mjög vönduð sýningarskrá hefur verið gefin út með litmynd af hverju verki. Sýningin er opin daglega frá kl. 13.30—16.00 fram til 11. nóvember.

Norræna húsið

Í anddyri Norræna hússins stendur yfir sýning á myndverkum Alexöndru Argunova Kuregej og stendur sýningin til 11. nóvember. Í kjallara hússins sýna þeir Steingrímur Steingrímsson, Gunnar Örn Gunnarsson og Samúel Jóhannsson og lýkur þeirri sýningu á sunnudagskvöld.

Hans Christiansen

sýnir vatnslitamyndir í Ásmundarsal við Freyjugötu. Þetta er áttunda einkasýning listamannsins og sýnir hann nú 35 myndir. Sýningin er opin virka daga frá kl. 16.00—22.00 og um helgar kl. 14.00—22.00. Sýningunni lýkur sunnudaginn 11. nóvember. Síðasta sýningarhelgi.

Tónleikar



Íslenska óperan

Íslenska óperan sýnir óperuna Carmen eftir Bizet tvisvar um helgina, á föstudags- og sunnudagskvöld, bæði skiptin kl. 20.00 og er uppselt á báðar sýningar. Föstudagssýningin er sú þriðja, en frumsýning var 2. þ.m. við feikigóðar undirtektir. Í aðalhlutverkum eru Sigríður Ella Magnúsdóttir, Garðar Cortes, Simon Vaughan og Ólöf Kolbrún Harðardóttir. Óperan fjallar um tvo ólíka heima og baráttuna þeirra á milli, um sígaunastúlkuna Carmen sem kýs fremur að láta lífið en að fórna frelsinu.

Í sýningunni eru á annað hundruð manns með hljómsveitinni, þar af 15 börn sem setja skemmtilegan svip á sýninguna með galsa og glaðværð.



Tónlistardagar

Á Tónlistardögum Dómkirkjunnar, sem eru frá 7. til 11. nóv., verða tónleikar laugardaginn 10. nóv. kl. 17.00 með orgelleikaranum Jörgen Ernst Hansen frá Kaupmannahöfn og tónleikar sunnudaginn 11. nóv. kl. 17.00 með kór- og orgeltónlist. Kór Dómkirkjunnar syngur verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Knud Nystedt og Hugo Distler. Stjórnandi er Marteinn H. Friðriksson. Einleikari á orgel verður Orthulf Prunner.

Spilakvöld

Kvenfélag Hallgrímskirkju

Spiluð verður félagsvist í safnaðarheimili Hallgrímskirkju á laugardaginn kl. 15.00.
Verið öll velkomin.

Stjórnin.

Basarar

Kvenfélag Hreyfils

heldur basar og flóamarkað sunnudaginn 11. nóvember kl. 14.00 í Hreyfilshúsinu. Verið velkomin.

Stjórnin.

Húnvetningafélagið í Reykjavík.

Sunnudaginn 11. nóvember nk. kl. 14.00 efnir Húnvetningafélagið í Reykjavík til basar og kaffisölu í *Domus Medica*. Félagsmenn er vinsamlega beðnir að gefa kökur og muni á basarinn. Tekið verður á móti gjöfum í Domus Medica frá kl. 10.00 sama dag. Hittumst í Domus Medica og fáum okkur kaffi og kökur. Allar upplýsingar veita Guðrún 36137, Brynhildur 75211, Lára 33803 og Halldóra 23088. Verið velkomin.

Stjórn og basarnefnd.

Kvenfélag Karlakórs Reykjavíkur.

Heldur hinn árlega basar sinn, kökusölu og flóamarkað að Hallveigarstöðum á morgun laugardaginn 10. nóvember kl. 14.00. Glæsilegt úrval muna, jólaföndur og skreytingar og aldrei meira úrval af kökum. Verið velkomin.

Kvenfélag Karlakórs Reykjavíkur.

Safnaðarfélag Ásprestakalls

heldur flóamarkað í byggingu safnaðarheimilisins við kirkjuna laugardaginn 10. nóvember kl. 13.00. Góður varningur er í boði svo sem húsgögn, heimilistæki, fatnaður og margt fleira. Verið velkomin. Stjórnin.

Hlutavelta

og flóamarkaður verður í Hljómskálanum við Tjörnina laugardag 10. nóv. kl. 2.

Lúðrasveitarkornur.

Kvikmyndir

Kvikmyndahátíð í maí

Ný framkvæmdastjórn tekur við Listahátíð. Ný framkvæmdastjórn Listahátíðar í Reykjavík 1986 tók nýlega til starfa. Formaður hennar er Hrafn Gunnlaugsson, en hann er fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórninni. Varaformaður er Kristinn Hallsson, fulltrúi menntamálaráðuneytisins. Aðrir í stjórninni eru Birgir Sigurðsson rithöfundur, Kristín Jóhannesdóttir leikstjóri og Stefán Baldursson leikhússtjóri, kjörin af fulltrúaráði Listahátíðar.

Ákveðið hefur verið að halda næstu kvikmyndahátíð í vor, frá 18. til 26. maí, en þá er skólum u.þ.b. að ljúka. Að þessu sinni verður kvikmyndahátíðin haldin í Austurbæjarbíói sem hefur núna þrjá sýningarsali.

Hvað er á seyði um helgina

Hvað er á seyði um helgina



Guttormur Jónsson sýnir á Kjarvalsstöðum

— flest verkin úr íslensku tré

Á morgun kl. 14 verður opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á skúlptúr eftir Guttorm Jónsson. Á sýningunni eru 29 verk, unnin í tré, stein, og trefjasteinsteypu. Þar af eru 18 verk úr íslensku tré.

Guttormur stundaði nám í höggmyndadeild Myndlistarskóla Reykjavíkur 1978—1981. Þetta er fyrsta einkasýning hans, en hann hefur áður sýnt á samsýningum á Akranesi og í Reykjavík. Sýningin verður opin daglega frá kl. 14—22 fram til 25. nóv.

Handmálað ljóð

— á veggjum Kjarvalsstaða




Á morgun, laugardag, kl. 13.00 opna Valgarður Gunnarsson og Böðvar Björnsson sýningu í vestursal Kjarvalsstaða. Sýnd verða átján handmáluð ljóð eftir Böðvar, unnin í samvinnu þeirra Valgarðs og Böðvars. Ljóðmyndirnar eru unnar í olíu, akrýl og pastel.

Auk þess sýnir Valgarður u.þ.b. fjörutíu myndir unnar í ýmis efni, svo sem olíu, vatnslit og gouache.

Valgarður Gunnarsson stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1975—'79 og Empire State College í New York 1979—'81.

Sýningin er opin alla daga kl. 14—22. Sýningin stendur til 25. nóv.



Jón E. Guðmundsson

með mikla sýningu í Norræna húsinu

Hinn góðkunni myndlistarmaður og myndlistarkennari Jón E. Guðmundsson opnar á morgun mikla sýningu á verkum sínum í kjallara Norræna hússins. Sýninguna heldur hann í tilefni af 70 ára afmæli sínu.

Á sýningunni verða sýndar fjölmargar leikbrúður sem Jón hefur gert um dagana. Strengjabrúður eru þar í miklum meirihluta en einnig má finna þar skaftbrúður. Margar af þessum brúðum verða til sölu.

Auk brúðanna sýnir Jón 62 vatnslitamyndir og er sú elsta þeirra frá árinu 1946. Sýningin verður opnuð á morgun, laugardag, kl. 14.00 og mun Jón þá verða með sýningu á brúðunni Fiðluleikaranum. Verður það í fyrsta sinn í mörg ár sem Jón sýnir sjálfur en hann hefur á undanförnum árum séð um ýmsar aðrar hliðar á brúðusýningum, sínum og annarra.

Danskur harmóníkuleikari í heimsókn

Danski harmóníkuleikarinn Poul Uggerly leikur lög fyrir almenning í Norræna húsinu næstkomandi sunnudagskvöld kl. 21. Poul Uggerly er mjög eftirsóttur harmóníkuleikari í heimalandi sínu þar sem hann hefur m.a. leikið inn á margar hljómplötur.

Á síðustu plötu sinni leikur hann lög eftir Andrew Walter, Victor Cornelius,



Kai Normann Andersen, Evert Taube, Franz Lehar o.fl.